



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Fundargerð.

435. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 13. júní 2018 kl. 9:00 f.h.

Fundinn sátu:

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Ása Valdís Árnadóttir

Smári Bergmann Kolbeinsson

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Kosning oddvita.

Gengið var til skriflegrar kosningar oddvita, Ása Valdís Árnadóttir hlaut 4 atkvæði og einn seðill auður, er því Ása Valdís Árnadóttir rétt kjörin oddviti út kjörtímabilið.

2. Kosning varaoddvita.

Gengið var til skriflegrar kosningar varaoddvita. Björn Kristinn Pálmarsson hlaut 4 atkvæði og einn seðill auður, er því Björn Kristinn Pálmarsson rétt kjörin varaoddviti út kjörtímabilið.

3. Ráðningarsamningur sveitarstjóra.

Fyrir liggur ráðningarsamningur sveitarstjóra til næstu fjögurra ára. Sveitarstjórn samþykkir samninginn með 3 atkvæðum. Bjarni Þorkelsson situr hjá við afgreiðslu málsins. Oddvita falið að undirrita samninginn. Ingibjörg Harðardóttir vék sæti við afgreiðslu málsins.

4. Laun sveitarstjórnarmanna og nefndarlaun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að laun sveitarstjórnar verði eftirfarandi:

- 1) Laun oddvita verði 75% af grunnlaunum sveitarstjóra vegna vinnu hans í hlutverki oddvita, þ.e. dagleg þátttaka í ákvarðanatöku og annarra starfa í þágu sveitarfélagsins auk aksturs í þágu sveitarfélagsins skv. akstursdagbók.*
- 2) Sveitarstjórnarmenn aðrir en oddviti og sveitarstjóri fá greidd 10% af þingfararkaupi á mánuði.*
- 3) Varamenn fá greidd 5% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund.*
- 4) Fundir utan heimabyggðar hjá sveitarstjórnarmönnum öðrum en oddvita og sveitarstjóra eru greiddir. Fyrir heilan dag er greitt 3% af þingfararkaupi en fyrir hálfan dag er greitt 1,5% af þingfararkaupi. Að auki er greiddur akstur skv. akstursdagbók. Til þess að greitt verði fyrir fundi utan heimabyggðar þarf viðkomandi sveitarstjórnarmaður að vera kjörin af sveitarstjórn til fundarsetunnar eða á annan hátt mælt til þess af sveitarstjórn að hann mæti. Sveitarstjóra/oddvita ber að staðfesta fundarsetuna og koma þeim upplýsingum til launafulltrúa.*



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að laun nefndarmanna sveitarfélagsins verði eftirfarandi:

- 1) Formenn nefnda fá greidd 2% af þingfararkaupi fyrir fund. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir akstur.
- 2) Almennir nefndarmenn fá greitt 1% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir akstur.
- 3) Hjá kjörstjórn er kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga metinn sem sex fundir en aðrir kjörfundir svo sem Alþingiskosningar sem fimm fundir. Greitt verður sérstaklega fyrir akstur samkvæmt aksturdagbók.
- 4) Ef fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins fara á fundi utan heimabyggðar fá þeir greidd fundarlaun nefnda fyrir hvern fund auk aksturs skv. aksturdagbók. Til þess að greitt verði fyrir fundi utan heimabyggðar þarf viðkomandi nefndarmaður að vera kjörinn af sveitarstjórn til fundarsetunnar eða á annan hátt mælt til þess af sveitarstjórn að hann mæti. Sveitarstjóra/oddvita ber að staðfesta fundarsetuna og koma þeim upplýsingum til launafulltrúa.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að laun sveitarstjórnar og nefnda verða endurskoðuð í júlí 2019.

5. Skipun í nefndir:

a) Kjörstjórn.

Guðmundur Jóhannesson, formaður
Linda Sverrisdóttir
Anna Margrét Sigurðardóttir

Til vara

Ragna Björnsdóttir
Helga Haraldsdóttir
Guðjón Kjartansson

b) Fræðslunefnd.

Pétur Thomsen, formaður
Guðmundur Finnbogason
Dagný Davíðsdóttir

Til vara

Benedikt Gústavsson
Andrea Bragadóttir
Bjarni Þorkelsson

c) Fjallskilaneftnd.

Auður Gunnarsdóttir, formaður
Benedikt Gústavsson
Björn Snorrason
Ingólfur O. Jónsson
Sigrún Jóna Jónsdóttir

Til vara

Guðrún S. Sigurðardóttir
Antonía Helga Guðmundsdóttir
Guðjón Kjartansson
Árni Þorvaldsson
Hannes G. Ingólfsson

d) Umhverfisneftnd.

Helga Haraldsdóttir, formaður
Jónas Hallgrímsson
Sonja Jónsdóttir

Til vara

Drífa Björk Jónsdóttir
Axel Benediktsson
Ragnheiður Eggertsdóttir



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

- e) Atvinnumálanefnd.**
Guðmundur Finnbogason, formaður
Þóranna Lilja Snorradóttir
Ragnheiður Eggertsdóttir
- Til vara*
Karl Þorkelsson
Guðný Tómasdóttir
Dagný Davíðsdóttir
- f) Samgöngunefnd.**
Steinar Sigurjónsson, formaður
Jón Örn Ingileifsson
Bergur Guðmundsson
- Til vara*
Jónas Hallgrímsson
Guðný Tómasdóttir
Þorkell Þorkelsson
- g) Æskulýðs- og menningarmálanefnd.**
Hallbjörn V. Rúnarsson, formaður
Sigríður Þorbjörnsdóttir
Dagný Davíðsdóttir
- Til vara*
Guðrún Ása Kristleifsdóttir
Steinar Sigurjónsson
Bergur Guðmundsson
- h) Veitunefnd.**
Smári Kolbeinsson, formaður
Ingibjörg Harðardóttir
Þorkell Þorkelsson
- Til vara*
Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Guðjón Kjartansson
- i) Húsnefnd félagsheimilisins Borgar.**
Guðmundur Jónsson
Guðný Tómasdóttir
- Til vara*
Karl Þorkelsson
Steinar Sigurjónsson
- j) Fulltrúi í yfirstjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (NOS).**
Ása Valdís Árnadóttir
- Til vara*
Ingibjörg Harðardóttir
- k) Fulltrúi í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings.**
Björn Kristinn Pálmarsson
- Til vara*
Smári Bergmann Kolbeinsson
- l) Fulltrúar á aðalfund Bergrisans bs.**
Ingibjörg Harðardóttir
Ása Valdís Árnadóttir
- Til vara*
Smári Bergmann Kolbeinsson
Björn Kristinn Pálmarsson
- m) Fulltrúi í Skipulagsnefnd Uppsveita.**
Ingibjörg Harðardóttir
- Til vara*
Björn Kristinn Pálmarsson



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

- n) Fulltrúi í stjórn Skipulagsfulltrúa uppsveita (UTU).**
Ingibjörg Harðardóttir
- Til vara*
Björn Kristinn Pálmarsson
- o) Fulltrúi í Héraðsnefnd Árnesinga bs.**
Smári Bergmann Kolbeinsson
Áheyrnarfulltrúi í Héraðsnefnd
Bjarni Þorkelsson
- Til vara*
Ása Valdís Árnadóttir
Ragnheiður Eggertsdóttir
- p) Fulltrúi í Almannavarnarnefnd Árnessýslu.**
Ingibjörg Harðardóttir
- Til vara*
Ása Valdís Árnadóttir
- q) Fulltrúi í Oddvitanefnd Uppsveita Árnessýslu.**
Ása Valdís Árnadóttir
- Til vara*
Björn Kristinn Pálmarsson
- r) Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
Ása Valdís Árnadóttir
- Til vara*
Smári Bergmann Kolbeinsson
- s) Fulltrúar á aðalfund SASS.**
Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
- Til vara*
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
- t) Fulltrúar á aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.**
Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
- Til vara*
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
- u) Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands.**
Ása Valdís Árnadóttir
- Til vara*
Björn Kristinn Pálmarsson
- v) Fulltrúi á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands.**
Smári Bergmann Kolbeinsson
- Til vara*
Björn Kristinn Pálmarsson



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

- 6. Bréf frá formanni stjórnar Bergrisans bs. vegna aukaaðalfundar félagsins þann 18. júní 2018.**
Fyrir liggur bréf frá formanni stjórnar Bergrisans bs., Ástu Stefánsdóttur þar sem greint er frá því að aukaaðalfundur Bergrisans bs. verði haldinn þann 18. júní 2018. Jafnframt liggja fyrir gögn aukaaðalfundarins. Bréfið lagt fram til kynningar.
- 7. Bréf frá framkvæmdarstjóra SASS vegna aukaaðalfundar SASS þann 27. júní 2018.**
Fyrir liggur bréf frá framkvæmdarstjóra SASS, Bjarna Guðmundssyni, dagsett 7. júní 2018 þar sem greint er frá því að aukaaðalfundur SASS verði haldinn þann 27. júní 2018. Bréfið lagt fram til kynningar.
- 8. Bréf frá framkvæmdarstjóra SASS vegna aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands þann 27. júní 2018.**
Fyrir liggur bréf frá framkvæmdarstjóra SASS, Bjarna Guðmundssyni þar sem greint er frá því að aukaaðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands verði haldinn þann 27. júní 2018. Bréfið lagt fram til kynningar.
- 9. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Hraunborgum, Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 1. júní 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Hraunborgum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.
- 10. Bréf frá Sveini Ívarssyni og Önnu S. Guðmundsdóttur vegna deiliskipulags fyrir Skyggnisbraut 2a og 2b.**
Fyrir liggur bréf frá Sveini Ívarssyni og Önnu S. Guðmundsdóttur, dagsett 20. maí 2018 þar sem óskað er eftir skýrara svari um hvort sveitarstjórn ætli að breyta deiliskipulagi Skyggnisbrautar 2a og 2b. Sveitarstjórn varð ekki við ósk eigenda Skyggnisbrautar 2a og 2b um breytingu á deiliskipulagi þegar aðalskipulagið var sent inn til Skipulagsstofnunar.
Jafnframt mótmæla Sveinn og Anna því að aðalskipulagstillagan feli það í sér að Skyggnisbraut verði breytt í frístundabyggð. Mótmælin eru móttekin og verða tekin fyrir samhliða öðrum athugasemdum um aðalskipulagið.
- 11. Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna á Villingavatni lóð 170948, Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna á Villingavatni lóð 170948, dagsett 5. júní 2018 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.
- 12. Tölvupóstur frá Sigríði Ó. Guðmundsdóttur, starfsmanni Mosfellsbæjar þar sem kynntur er landsfundur jafnréttismála, málþing og jafnréttisdagur dagana 20. og 21. september 2018.**
Fyrir liggur tölvupóstur frá Sigríði Ó. Guðmundsdóttur, starfsmanni Mosfellsbæjar, dags. 1. júní 2018 þar sem kynntur er landsfundur jafnréttismála, málþing og jafnréttisdagur dagana 20. og 21. september 2018.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

13. Bréf frá Ragnheiði J. Ingimarsdóttur, f.h. afmælisnefndar aldarafmælis fullveldis Íslands þar sem sveitarfélögin eru hvött til að taka virkan þátt í afmælisárinu.

Fyrir liggur bréf frá Ragnheiði J. Ingimarsdóttur f.h. afmælisnefndar aldarafmælis fullveldis Íslands, dagsett í maí 2018 þar sem sveitarfélögin eru hvött til að taka virkan þátt í afmælisárinu. Bréfið lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn hvetur Kerhólsskóla til að nýta sér fræðsluefni á vefnum www.fullveldi1918.is

14. Bréf frá Katrínu B. Ríkharðsdóttur, framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu um skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum.

Fyrir liggur bréf frá Katrínu B. Ríkharðsdóttur framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu, dagsett 29. maí 2018 um skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum. Bréfið lagt fram til kynningar.

15. Sumarleyfi sveitarstjórnar og næstu fundir hennar.

Samþykkt er samhljóða að sveitarstjórn verði í sumarleyfi seinni fund í júlí. Næstu fundir sveitarstjórnar verða því 4. júlí og 1. ágúst kl. 9:00.

16. Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps verði lokuð vegna sumarleyfa starfsmanna frá 23. júlí til og með 10. ágúst 2018.

17. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 24. maí 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 24. maí 2018 liggur frammi á fundinum.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Fundargerð 187. stjórnarfundar 31.05 2018.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 860. stjórnarfundar, 18.05 2018.
- ✓ Skógræktarfélag Grímsneshrepps, ársskýrsla 2017.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:45